



## 27. fundur

27. fundur Svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja sem haldinn var fimmtudaginn 13. janúar 2022, kl. 16:00. Fundurinn er haldinn í fjarfundarkerfinu TEAMS.

Mætt eru: Kjartan Már Kjartansson, Sveinn Valdimarsson, Ásgeir Eiríksson, Áshildur Linnet, Fannar Jónasson, Guðlaugur H. Sigurjónsson, Guðmundur Björnsson, Jón B. Guðnason, Jón B. Einarsson, Laufey Erlendsson, Lilja Sigmarsdóttir, Magnús Stefánsson, Sveinn Valdimarsson, Guðmundur Pálsson, Gunnar Kristinn Ottósson, Kristinn Benediksson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Áshildur Linnet formaður setti fundin og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

### 1. Endurskoðun á Svæðisskipulagi Suðurnesja, Stefán G. Thors

Stefán G. Thors fór yfir tillögu að verklagi og viðfangsefnin sem eru framundan.

Viðfangsefni	Áherslur
Íbúapróun*	Ákvörðun um hvort setja eigi fram stefnu um íbúðabyggð s.s. um framboð, tegund húsnæðis og tímabundnar lausnir.
Atvinna	Farið yfir framfylgd stefnu um sameiginleg atvinnusvæði. Metin þörf á breytingum á afmörkun svæða og stefnu um starfsemi á hverju þeirra.
Auðlindir	Leggja til varavatsnból á Suðurnesjum ásamt því að fara yfir afmörkun vatnsbóla og vatnsverndarsvæða. Unnið að stefnu um aðra orkuvinnslu en jarðvarma, s.s. vindorku og virkjun sjávarfalla.
Veitur og samgöngur	Stefna um vistvænar samgöngur á Suðurnesjum, sem taka m.a. til orkuskipta og breyttra ferðavenja. Stefna um megin legu innviða s.s. stofnlagna / raflína
Samfélag	Unnið með fyrirliggjandi greiningar á náttúru- og veðurvá til að stuðla að öruggi íbúa og atvinnulífs.
Loftslagsmál*	Mótuð loftslagsstefna fyrir Suðurnesin og helstu aðgerðir, þ.m.t. til kolefnisbindingar og samgangna.

Lagt er til að fundað verði alls í 6 skipti fram í apríl 2022. Á hverjum fundi verði tekið fyrir 2 viðfangsefni.

Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja samþykkir tillögu að verklagi og viðfangsefnin.



**Umsagnir:**

- a) **Umsögn frá sveitarfélaginu Ölfus, dags. 20.10.2021 (óskað var eftir fresti á síðasta fundi).**  
Sveitarfélagið Ölfus gerir engar athugasemdir við verklagið. Jafnframt barst umsögn frá Landvernd. Ábendingarnar eru samhljóma vinnu Svæðisskipulagsnefndarinnar og verður tekið tillit til þeirra í endurskoðuninni.
2. **Tölvupóstur dags. 26.11.2021 frá Sveitarfélaginu Vogum, kynning á tillögu um endurskoðun aðalskipulags Voga.**  
Ásgeir Eiríksson fylgdi málinu eftir og upplýsti nefndarmenn um í hvaða ferli málið er. Málið var rætt í nefndinni og verður fjallað um það í Svæðisskipulagsnefndinni þegar það kemur í formlegt umsagnarferli.
3. **Tölvupóstur frá Grindavíkurbær, dags. 21.12.2021, umsögn vegna deiliskipulags á iðnarorkusvæði á Reykjanesi.**  
Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja gerir ekki athugasemd við breytingu á deiliskipulagi á iðnaðarorkusvæði á Reykjanesi.
4. **Tölvupóstur frá Reykjanesbæ, dags. 10.12.2021, umsögn um deiliskipulag orkuvinnslu og iðnaðar á Reykjanesi.**  
Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja gerir ekki athugasemd við breytingu á deiliskipulagi á iðnaðarorkusvæði á Reykjanesi.
5. **Tölvupóstur frá Grindavíkurbæ, dags. 02.12.2021. Beiðni um umsögn vegna aðalskipulagsbreytingar, nýtt hreinsivirki og frárennislögn, göngu- og reiðhjólástígar og stækkun golfvallar í Grindavík.**  
Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja gerir ekki athugasemd við breytingar á aðalskipulagi.
6. **Tölvupóstur frá Grindavíkurbæ, dags. 02.12.2021. Beiðni um umsögn vegna aðalskipulagsbreytingar, aðgengi og þjónusta vegna eldsumbrota við Fagradalsfjall og athafnarsvæði í Hraunsvík vegna landtöku sæstrengs.**  
Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja gerir ekki athugasemd við breytingar á aðalskipulagi.
7. **Önnur mál.**  
Erindi frá Landsneti er barst 12.01.2022 til Reykjanesbæjar en þar er þess óskað að það verði lagt fram á fundi Svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja. Um er að ræða erindi vegna endurskoðun á aðalskipulagi Sveitarfélags Voga 2020-2040

Ásgeir Eiríksson fór yfir afstöðu Sveitarfélagsins Voga. Jafnframt fór hann yfir verklagið og hvar málið væri stutt en það er í meðferð hjá Skipulagsstofnun.

Til máls tóku: JBE, GKÓ, FJ, KMK, MG, GP og lýstu yfir áhyggjum af stöðu mála.

*Ekki er fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:25*